

Alþingi, Velferðarnefnd  
sent rafrænt; [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

*Umsögn. Þingsályktun um heilbrigðisstefnu til ársins 2030. 149. löggjafarþing, 509. mál*

Með vísan til erindis Velferðarnefndar Alþingis til FV er hér með lögð fram umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) um þingsályktun að heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

### **Sambætting áætlana.**

FV lýsir ánægju með að Alþingi fjalli nú um og afgreiði langtímastefnumörkun í heilbrigðismálum, en framlagning stefnunnar hefur verið ítrekað verið frestað á undanförunum árum. Fyrir stefnumörkun í þróun samfélaga s.s. Sóknaráætlunum og Byggðaáætlun eru heilbrigðismál kjarnaatriði. Því hefur vöntun á stefnumörkun í heilbrigðismálum gert þá stefnumótunarvinnu óhægt um vik vegna óvissu um stefnuviðmið stjórnvalda í málaflokknum.

#### *Sóknaráætlun landshluta*

Það er fagnaðarefni að leiðarljós heilbrigðisstefnu er að allir landsmenn hafi aðgang að öruggri og hagkvæmri heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðismál eru eins og áður sagði kjarnaatriði í sóknaráætlunum og byggðaáætlunum.. FV bendir á þar er mikilsvert að samtal og samráð sé við íbúa innan hvers heilbrigðisumdæmis. Fyrir á árum voru fulltrúar sveitarfélaga í stjórnnum heilbrigðisstofnana en þegar því fyrirkomulagi var hætt, þá stóð til að stofna til samráðsvettvangs sveitarfélaga innan heilbrigðisumdæma en því var ekki hrint í framkvæmd.

Í markmiði 1.9 segir *Forstjórar heilbrigðisstofnana á landinu séu umdæmisstjórar heilbrigðismála innan síns umdæmis og hafi með sér reglulegt samráð um heilbrigðisþjónustu undir forystu heilbrigðisráðuneytisins.*

Hér er bent á að samtal heilbrigðisstofnunar og samfélags geti átt sér stað við endurskoðun s.s. Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árin 2020-2024, nú síðar á þessu ári. Þar verði m.a. horft til markmiðsetningu og verkefnaval heilbrigðisstefnu. Sóknaráætlun geti því samþætt eigin markmið við markmið heilbrigðisstefnu og einnig geta treyst framþróun í heilbrigðismálum á áætlunartímabili sínu. Á sama hátt ætti Heilbrigðisstefna samþætta markmið Sóknaráætlunar, þegar unnið er að gerð aðgerðaráætlunar og árlegra uppfærslu hennar s.m.b. markmið 8, *Stefna í framkvæmd.*

#### *Byggðaáætlun*

Byggðaáætlun 2018-2023 kemur víða að með markmiðsetningu og skilgreind verkefni er varða heilbrigðisstefnu. Vísað er til velferðarnefndar að kynna sér markmið Byggðaáætlunar og hvernig þessar tvær áætlanir geti unnið saman að hrinda markmiðum þeirra í framkvæmd.

Dæmi um áherslur og verkefni.

Kafla A. Aðgengi að þjónustu;

- l. Heilbrigðis- og velferðaráætlanir fái þinglega meðferð sem opinberar áætlanir. Grunnþjónusta heilbrigðis- og velferðarþjónustu verði skilgreind sem og hvernig réttur landsmanna til hennar verði tryggður óháð búsetu. Heilbrigðisáætlanir lýsi glögglega fyrirhuguðum starfsháttum og samstarfi heilbrigðisstofnana.*
  - m. Mótuð verði stefna um opinbera þjónustu með það að markmiði að íbúar landsins, óháð búsetu, njóti sama aðgengis að grunnþjónustu.*
  - n. Öruggir sjúkraflutningar um land allt verði tryggðir.*
- Mælikvarðar sem styðjast ber við til að meta framgang markmiðs:*
- i. Hlutfall heimila/fyrirtækja í dreifbýli með aðgang að ljósleiðaratengingu.*
  - ii. Hlutfall þeirra sem eru í innan við 30 kílómetra fjarlægð frá heilsugæslustöð, grunnskóla og dagvöruverslun.*

Verkefni;

**A.4. Þverfagleg landshlutateymi.**

*Verkefnismarkmið: Að styrkja og auka heildstæða þjónustu á sviði félags-, heilbrigðisog menntamála.*

**A.5. Fjarheilbrigðisþjónusta.**

*Verkefnismarkmið: Að bæta heilbrigðisþjónustu með því að nýta nýjustu tækni og fjarskipti við framkvæmd þjónustu.*

**A.6. Héradslækningar.**

*Verkefnismarkmið: Að fjölga heilsugæslulæknum á landsbyggðinni með því að koma á tveggja ára námi sem býr heilsugæslulækna undir starf í dreifbýli.*

**A.7. Fæðingarþjónusta og mæðravernd.**

*Verkefnismarkmið: Að tryggja aðgengi að þjónustu vegna meðgöngu og fæðingar. Aðgengi að almennri heilbrigðisþjónustu vegna meðgöngu og fæðingar verði skilgreint fyrir hvern landshluta auk þess sem öryggisþjónusta verði tryggð. Settar verði reglur um styrki til greiðslu ferðakostnaðar til foreldra sem bíða fæðingar barns fjarri heimabyggð.*

**A.18. Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis.**

*Verkefnismarkmið: Að íbúar landsins, óháð búsetu, hafi jafnt aðgengi að opinberri grunnþjónustu með bættum aðstæðum og tæknilausnum*

**A.19. Aðgangur að geðheilbrigðisþjónustu.**

*Verkefnismarkmið: Að styðja við stefnu og aðgerðaáætlun velferðarráðuneytisins í geðheilbrigðismálum.*

**A.20. Aðgangur að þjónustu sérfræðilækna.**

*Verkefnismarkmið: Að jafna aðgang að heilbrigðisþjónustu, óháð búsetu.*

*Samgönguáætlun – almenningssamgöngur - vetrarþjónusta.*

Mikilvægt er að heilbrigðisstefna og samgönguáætlun séu samþætt. Hér má nefna markmið heilbrigðisstefnu um að þjónustuþegar sækja þjónustu um mislangan veg rekist ekki á vöntun á almenningssamgöngum á landi, í lofti eða láði. Í annan stað að markmið samgönguáætlunar um vetrarþjónustu hindri ekki þjónustuþega að sækja þjónustu án þess að við því sé brugðist

að hálfu heilbrigðisþjónustu. Dæmi hér um að vetrarþjónustu á fjallvegum loki af byggðarlög frá kl 19 til 7 að morgni s.s. Bíldudal og Þingeyri. Í annan stað að starfsmenn heilbrigðisstofnana þurfi að ferðast um langan veg til að geta sótt vinnu á starfsstöðvum, dæmi starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða sem sækja vinnu milli starfsstöðva á Patreksfirði og Ísafirði. Auk mikils óhagræðis fyrir starfsemi stofnunarinnar þá er lítt tekið tilliti til þessa í rekstarframlögum til hennar.

### Umsögn um einstaka liði.

FV vill hér þar leggja áherslu á gagnvart velferðarnefnd Alþingis, á jöfnun aðgengis íbúa á Vestfjörðum að heilbrigðisþjónustu í samræmi með leiðarljós stefnunnar. Líklegt verður að telja að við mótun Sóknaráætlunar nú síðar á þessu ári munu þessi sömu atriði einnig koma til umræðu.

Það er mikilsvert um jöfnun aðgengis, hve meginmarkið eru sett skýr fram í upphafsmálgrein í greinargerð með heilbrigðisstefnu (leturbreyting FV);

Meginmarkmið íslenskrar heilbrigðislöggjafar er að **allir landsmenn** eigi kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem tók eru á að veita á hverjum tíma til að vernda andlega, líkamlega og félagslega heilsu fólks. **Öll mismunun er óheimil** en sé þörf á forgangsroðun sjúklinga vegna meðferðar skal eingöngu byggt á læknisfræðilegum sjónarmiðum og öðrum faglegum forsendum. Ábyrgð stjórnvalda er því meðal annars sú að takast á við þá áskorun að bæta árangur heilbrigðisþjónustunnar innan fjárhagslegra marka hverju sinni.

### *Jöfnun aðgengis*

Í grein 2.7 er fjallað um aðgengi að heilsugæslu og annarri þjónustu *verði jafnað með fjarheilbrigðisþjónustu og sjúkraflutningum*. Í grein 4.6 er lýst því markmiði að *allir landsmenn hafi tæknilega möguleika á heimili sínum til að komast í samband við heilbrigðisþjónustu óháð búsetu*. Mikilvægt er að skýrt verði skilgreint hvaða þjónustu eigi að veita í hverjum landshluta og hvaða þjónustu ekki og hvernig aðgengi að henni verði þá tryggt. Hér er sérstaklega bent á þjónustu sérfræðilækna, skurðstofuþjónustu og fæðingarþjónustu. Minnt er hér á markmið Byggðaáætlunar 2018-2023 í þessum efnunum.

Kostnaður við að sækja þjónustu á höfuðborgarsvæðið er mikill og þá sérstaklega kostnaður foreldra í aðdraganda fæðingar barns, vinnutap og fjarlægð frá fjölskyldu um mislangan tíma. Tryggja verður fæðingarþjónustu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Ísafirði og Patreksfirði og skýr úrræði verða vera fyrir íbúa á Vestfjörðum innan umdæmis Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í þessum efnunum. Minnt hér á markmið Byggðaáætlunar 2018-2023 í þessum efnunum.

Fjarheilbrigðisþjónusta virðist loks að verða á Íslandi sem raunhæft úrræði í heilbrigðisþjónustu og er einnig í hraðri þróun. Þjónustan nýtist vel innan ákveðins ramma s.s. eftirfylgni sérfræðinga, reglubundið eftirlit, til stuðnings í heilsuselum og til að mynda teymi

innan og milli heilbrigðisstofnana. En þegar á þarf að halda, þá þarf að tryggja að sjúkraflutningar séu öryggir m.a. gæði og aldur sjúkrabifreiða en þar hefur verið verulegur misbrestur verið á. Minnt er á markmið Byggðááætlunar 2018-2023 í þessum efnum.

*Um samspil velferðarþjónustu sveitarfélaga og ríkisins.*

Í umfjöllun um grein 1.2. um hlutverk og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga í heilbrigðisþjónustu, er sett að markmiði að skilgreina vel þjónustu þessara tveggja stjórnsýslustiga. En um árbil hafa ítrekað komið upp mál, þar sem þjónustubegar, aldraðir og fatlað fólk lenda á milli eða er hent á milli kerfa. FV leggur áherslu á að skilgreiningarvinna verði nú sett í forgang við samþykkt heilbrigðisstefnu.

*Fjölgun hjúkrunarrýma.*

Staða þjónustubega sem þurfa að hjúkrunarrýmum að halda er skýrt dæmi um samspil velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga og markmiða um jöfnun aðgengis að þjónustu.

Á Vestfjörðum skortir verulega hjúkrunarrými, fjölgað var um 11 rými á norðanverðum Vestfjörðum 205 og 2016 en á sunnanverðum Vestfjörðum eru engin slík úrræði. Samkvæmt svari heilbrigðisráðherra (mál 348/149) eru *Vestfirðir með hæsta hlutfallið af íbúum á biðlista og hefur aukist úr 10,5 í 16,2 af hverjum 1.000 íbúum eldri en 67 ára*. Samkvæmt svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn á Alþingi (mál 537/149) kemur fram að engin áform eru um uppbyggingu á Vestfjörðum til ársins 2023. Er þar væntanlega vísað til svar heilbrigðisráðherra (mál 348/149) Þar sem segir; *Vestfirðir er jafnframt fámennasta heilbrigðisumdæmið geta sveiflur þar verið meiri en annars staðar og eru því ekki tölfræðilega marktækar*. Þjónustubegar, aðstandendur, velferðarþjónusta sveitarfélaga og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þurfa því að skilja að þeir/þau séu staðalfrávik, þó rauntölureikningar og lýðfræðileg þróun með fjölgun aldraðra segi þeim annað.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir þá skýlausu kröfu um að fjölgun hjúkrunarrýma á Vestfjörðum með áherslu á sunnanverða Vestfirði sé sett á áætlun. Þar með er fylgt þeim meginmarkmiðum sem gerð er tillaga um í Heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Hliðaráhrif af slíkri uppbyggingu á sunnanverðum Vestfjörðum, væru einnig að efla starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða í landshlutanum.

Ísafirði 28. febrúar 2019

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri, Vestfjarðastofu